

Sb.

95. Tillaga til þingsályktunar

[87. mál]

um að reist verði fiskimjölsværksmiðja í Grindavík, er vinni loðnu og annan fisk ásamt fiskúrgangi.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Oddur Ólafsson, Jón Skaftason,
Geir Gunnarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að beita sér fyrir að stór fiskimjölsværksmiðja (helst með um 1000 tonna bræðsluafköst á sólarhring) verði reist á árinu 1977 í Grindavík og værksmiðjan geti hafið vinnslu á loðnuvertíðinni 1978.

Greinargerð.

Hér við land hófust loðnuveiðar fyrst að nokkru ráði árið 1965, og öfluðust þá um 50 þús. tonn. Árið eftir verður mikil aukning og veiðast þá um 125 þús. tonn. Næstu tvö árin er aflinn heldur minni, rétt innan við 100 þús. tonn. En á árunum 1969—1971 er aflinn 170—190 þús. tonn. Árið 1972 aflast um 277 þús. tonn. Síðan hefur aflinn verið um eða yfir 450 þús. tonn. Þessi athyglisverða aukning á afla á loðnu verður vegna stóraukins fjölda skipa, er taka þátt í veiðunum, og jafnframt mikilla og árangursríkra rannsókna fiskifræðinga á göngum og hegðun loðnunnar. Veiðar og vinnsla á loðnu eru því nú orðnar snar þáttur í þjóðarbúskap okkar og alls ekki fyrirsjáanlegt annað en svo muni verða um óákveðinn tíma.

Þessi mikli afli hefur komið á land alls staðar þar sem værksmiðjur eru, er bræða loðnu, og auk þess hefur norska skipið Norglobal tekið á móti verulegu magni af loðnu eða allt að 74 þús. tonnum 1975 og 1976 um 60 þús. tonn. Skipið hefur komið að ómetanlegu gagni fyrir veiðiflotann. Ekki er vitað nú hvort skipið fæst áfram til móttöku og vinnslu fyrir okkur, en fari svo að það hætti móttöku munu veruleg vandræði skapast fyrir loðnuskipin og fyrirsjáanlegur minni afli þess vegna. Ekki er viðunandi að eiga það nú lengur undir mati erlendra aðila, hvort svo mikill afli komi á land eða ekki. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Raunar má segja, að þetta sé í þriðja sinn, þar sem fyrsti flutningsmaður flutti á árunum 1973 og 1974 tillögu um að Síldarværksmiðjur ríkisins reistu værksmiðju í Grindavík vegna loðnuveiðanna.

Auk ofanefnds um Norglobal má benda á þá staðreynd, að vegna breytinga hefur burðargeta loðnuskipanna aukist á þessu ári um 2000 rúmlestir.

Jafnframt þessari þróun hefur afli á loðnu veiddri að sumrinu til og fram á haust nú á þessu ári numið um 85 000 tonnum. Fiskifræðingar okkar gera ráð fyrir að veiðar á loðnu yfir sumartímann og fram á haust verði varanlegar. Þessi nýju og gerbreyttu viðhorf knýja á að reistar verði værksmiðjur til þess að bjarga afla á land og um leið mundi vera eða ástæða fyrir loðnuveiðisvipin að sækja í þorskstofninn. Betri móttaka á loðnu er því verulegt og þýðingarmikið atriði fyrir þjóðarbúskap okkar.